

7
9. jan.

L Ö G

um fiskimatsstjóra.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar matsstjóra, er hafi á hendi yfirstjórn alls fiskimats á landinu.

Matsstjóri skal hafa fullkomna þekkingu á meðferð fiskjar, allt frá því hann er veiddur og þar til hann er fullverkaður til útflutnings.

Matsstjóri skal hafa vakandi auga á öllum nýjungum á sviði fiskimatsins. Ber honum að ferðast árlega til aðalneyzlulandanna í því skyni að kynna sér kröfur neytenda.

Matsstjóri efnir til fundarhalda með yfirfiskimatsmönnum svo oft sem þurfa þykir. Skal hann skýra þeim frá nýjum kröfum neytenda og veita þeim leiðbeiningar um störf þeirra. Skytt er öllum fiskimatsmönnum og yfirfiskimatsmönnum að hlýða fyrirskipunum matsstjóra að því er starf þeirra snertir. Skal matsstjóri ferðast um landið og hafa eftirlit með allri framkvæmd matsins.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um fiskimat, að fengnum tillögum matsstjóra og yfirfiskimatsmanna. Matsstjóri sker úr öllum ágreiningi um fiskimat, en í forföllum hans yfirfiskimatsmaðurinn í Suðurlandsumdæminu.

Matsstjóri má ekki reka eða vera hluthafi í neinskonar fiskverzlun, fiskverkun eða útgerð, og er að öðru leyti háður ákvæðum 6. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat, svo og ákvæðum 9. gr. þeirra laga.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra setur matsstjóra erindisbréf.

3. gr.

Matsstjóri skal hafa 8000 kr. í árslaun. Launin greiðist úr ríkissjóði.

Ferðakostnaður matsstjóra greiðist úr ríkissjóði samkvæmt reikningi, er atvinnumálaráðherra úrskurðar, svo og skrifstofukostnaður matsstjóra, ef hann að dómi ráðherra er óhjákvæmilegur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7
9. jan.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

8
9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Póst- og símamálum hins íslenska ríkis stjórnar póst- og símamálastjóri, sem hefir umsjón og eftirlit með framkvæmdum og starfrækslu pósts og síma. Póst- og símamálastjóri stendur beint undir ráðherra þeim, sem póst- og símamálin heyra undir. Konungur veitir þetta embætti.

Sameining yfirstjórnar póst- og símamála fer fram þegar er sýnt er, að það hefir fjárhagslegan sparnað í för með sér eða telst að öðru leyti nauðsynlegt.

2. gr.

Laun póst- og símamálastjóra skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Taki núverandi landssímastjóri eða póstmálastjóri við póst- og símamálastjóraembættinu, skal hann einskis í missa í launakjörum frá því, sem nú er, og þjónustualdur hans teljast hinn sami og hann er talinn í hinu fyrra embætti. Hið sama gildir um aðra fasta starfsmenn pósts og síma, sem hafa áfram embætti undir hinu nýja skipulagi í starfrækslu pósts og síma.

3. gr.

Póst- og símamálastjóra til aðstoðar skal vera í Reykjavík sérstakur póstmeistari, ritsímastjóri, bæjarsímastjóri, yfirverkfræðingur og loftskeytastöðvar-